

Nd.

377. Tillaga

til þingsályktunar um 100 ára leigu á tveim húslóðum á Arnarhólstúni.

Flutningsmenn: Björn Kristjánsson og Jón Olafsson.

Alþingi ályktar að veita samþykki sitt til að stjórnin leigi:

- a. Héraðslækninum í Reykjavík alt að 1000 ferálna lóð á Arnarhólstúni með eftirfarandi skilmálum:
 1. Að árlegt eftirgjald sé eigi minna en 10 aurar af ferálin,
 2. að leigutíminn sé eigi lengri en 99 ár.
- b. Verzlunarskóla Íslands alt að 1200 ferálna lóð á Arnarhólstúni með sömu skilmálum og undir staflíð a, 1. og 2. til þess að reisa á henni skólahús sér til afnota.